

# Lög íslenska Pílukastsambandsins

1. Félagið heitir Íslenska Pílukastsambandið, skammstafað Í.P.S.

Lögheimili þess er í ~~Kópavogi~~ **Reykjavík**

2. Markmið Sambandsins eru:

2.1. Að glæða áhuga á pílukasti og gera sem flestum kleift að fá notið ánægju af pílukasti.

2.2. Að stuðla að því að á Íslandi sé jafnan fyrir hendi hin besta aðstaða til iðkunar pílukasts.

2.3. Að halda uppi sem mestum og bestum tengslum milli íslenskra og erlendra pílukastara.

3. Íslenska Pílukastsambandið er landsfélag pílukastara á Íslandi og fulltrúi íslenskra pílukastara hérlandis sem erlendis. Sambandið er, sem slíkt, eitt sinnar tegundar á landinu og áskilur sér jafnframt einkarétt á því hlutverki sem felst í eftirfarandi atriðum:

3.1.

3.2. 3.3.

Að hafa umsjón með stigalista íslenskra pílukastara, yfirumsjón með stigamótum á Íslandi og að annast val á pílukösturum í landsliði Íslands.

Að sjá árlega um Íslandsmeistaramót í pílukasti.

Að sinna samskiptum við erlend og alþjóðleg pílukastfélög og pílukastsambönd fyrir Íslands hönd.

~~4. Meðlimur Sambandsins getur hver sá orðið sem hefur til þess samþykki stjórnar.~~

**Meðlimur Sambandsins er hver sá sem er skráður og greiddur félagi hjá pílufélagi með aðild af Í.P.S**

**(Undartekning: Þátttaka á íslandsmótum ásamt stigamótum krefst þess að einstaklingur hafi íslenskan ríkisborgararétt eða hefur búið á Íslandi samfleitt í 3 (þrjú) ár. ) **RÆÐA VEL !****

5. Reikningsár Sambandsins er almanaksárið.

6. Málefnum Sambandsins stjórnar:

1. Aðalfundur

2. Stjórn

7. Aðalfund Sambandsins skal halda fyrir 15. ~~mars~~ **september** ár hvert. Aðalfund skal boða bréfllega eða með öðrum sannanlegum hætti með amk 10 daga fyrirvara og telst fundurinn löglegur ef löglega er til hans boðað. Á fundinum hafa allir atkvæðisrétt sem eru skuldlausir meðlimir í Í.P.S. Óski meðlimir Í.P.S. að tiltekin mál fái sérstaka umfjöllun á fundinum skal það tilkynnt til stjórnar minnst viku fyrir fundinn.

Dagskrá aðalfundar skal vera sem hér segir:

1. Kosning fundarstjóra og ritara.
2. Skýrsla stjórnar.
3. Gjaldkeri leggur fram skoðaða reikninga.
4. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga. Reikningar bornir undir atkvæði.
5. Ákvörðun árgjalds.
6. Lagðar fram tillögur að lagabreytingum. Þær bornar undir atkvæði.
7. Aðrar tillögur sem stjórn hafa borist lagðar fram og þær bornar undir atkvæði.
8. Kosning stjórnar, varastjórnar og skoðanda, skv. 9. grein Sambandsins.
9. Önnur mál.

Kosningar á aðalfundi skulu vera leynilegar sé þess óskað, annars úrskurðuð með handaupprettingu. Einfaldur meirihluti ræður úrslitum allra mála.

8. Aukaaðalfund má boða ef stjórn Sambandsins telur nauðsyn krefja, eða ef helmingur meðlima Í.P.S. óskar þess. Boðunarfrestur fyrir aukaaðalfund skal vera 10 dagar. Á aukaaðalfundi má gera lagabreytingar og kjósa bráðabirgðastjórn. Að öðru leyti gilda sömu reglur og um aðalfund.
9. Stjórn Sambandsins skipa 5 manns og skal kosið til tveggja ára í senn:
  1. ~~Formaður,~~ **Forseti, og** ritari verða kosnir á sléttum ártölum.
  2. Gjaldkeri, vara~~formaður~~ **forseti og einn meðstjórnandi** verða kosnir á oddatölu ártölum.
  3. Þá skal kjósa einn varamann fyrir stjórn og einn endurskoðanda að reikningum.
10. Formaður boðar stjórnarfundi. Stjórnin getur enga fullnaðarákvörðun tekið nema þrír stjórnarmenn séu henni fylgjandi. Stjórnin hefur umsjón með eignum Sambandsins. Stjórnin getur vikið mönnum úr félaginu álíti hún framkomu þeirra Sambandinu til vansa. Viðkomandi getur þá krafist þess að boðaður verði fundur eða aukaaðalfundur þar sem mál hans verður tekið upp.
11. Stjórninni ber að gæta hagsmuna meðlima Í.P.S. í öllum greinum. Í samræmi við 4. grein þessarar laga felst m.a. í þessu, að stjórn Sambandsins skal tímanlega gefa út áætlun um dagsetningar og fyrirkomulag allra stigamóta komandi keppnistímabils. Jafnframt skal fram koma gildandi reglugerð um stigagjöf og val á mönnum í landslið. Áætlunum og reglugerð getur stjórn breytt, en skal kosta kapps við að tilkynna meðlimum Í.P.S. slíkar breytingar.

12. Lögum þessum má breyta á aðalfundi og nægir einfaldur meirihluti atkvæða til þess að breyting sé lögleg.